



Vettvangur fyrir þátttöku eldri borgara - samskipti og framtak (PLACE EE)

Fréttir af starfinu:

Þetta er sjöunda og síðasta tölublað fréttabréfsins okkar. COVID-19 faraldurinn hefur áfram áhrif á líf þátttakenda í PLACE-EE samstarfsverkefninu. Þrátt fyrir að takmarkanir hafi verið með ólíkum hætti eftir svæðum hefur öll starfsemi verkefnisins færst yfir á internetið. Við glöddumst yfir því að fá að hýsa ýmsa lokaviðburði í september og október. Þessir viðburðir voru skipulagðir í samhengi við Jákvætt að eldast (Positive Aging) mánuðinn og Símenntunarhátíð Limerick. Þar gafst tækifæri til að opna aðgang að menningarminjasafni verkefnisins og kynna verkefnið með samstarfsaðilunum. Þá fóru líka fram mikilvægar umræður um eldra fólk og tækni.

Hvar erum við stödd?

Nú er allri vinnu við verkefnið að verða lokið. Kynning á verkefninu stendur þó enn yfir og unnið er að útgáfu á ýmsum viðbótum. Þau tengslanet og sambönd sem sprottið hafa upp úr þessu verkefni verður haldið við. Í ljósi árangurs verkefnisins hingað til eru samstarfsaðilar að kanna sjálfbærni þess til lengri tíma lítið.

Í þessu fréttabréfi:

Fjallað um nýtt kynningarefni og sett fram samantekt um lokaviðburðina. Þátttakendur verkefnisins setja fram hugleiðingar við lok verkefnisins.

Takk fyrir:

Teymi Ulster háskóla notar tækifærið til að þakka samstarfsaðilum, þátttakendum og öllum sem tóku þátt í þessu spennandi og tímabæra verkefni.

Participants in Limerick workshop 2019.



Lokaviðburðir og útgáfa.

Hlaðvarp: Tækni, eldra fólk og stafræn heilbrigðisþjónusta

Í þessu hlaðvarpi má heyra prófessor Gerry Leavey frá Ulster háskóla skýra frá því út á hvað PLACE-EE gekk og hvað eldra fólk sagðist þarfnast í tengslum við upplýsingatækni. Colette Leeson, frá fjármálaráðuneyti Norður-Írlands og framkvæmdastjóri Digital NI Enabling Program áætlunarinnar sagði okkur frá því sem stjórnvöld eru að gera til að bæta færni eldri borgara og þjónustuaðgang þeirra. Sylvia McCarthy, frá Age Friendly Ireland, lýsir verkum sínum og kynnir nokkrar áætlanir sem þau hafa haft frumkvæði að með eldra fólki um allt Írland. Á þessum COVID tímum er nauðsynlegt að bæta aðgengi að og sjálfsöryggi fólks hvað viðkemur upplýsingatækni til að hjálpa við að rjúfa einangrun fólks og tryggja að það fái aðgang að þeirri heilsu og þjónustu sem það þarf á að halda.

<https://www.youtube.com/watch?v=zZqFjchARoA&t=17s>



Vefnámskeið: Stafræn skjalavarsla menningararfs - Aðkoma eldra fólks og nálganir ólíkra kynslóða

PLACE-EE vefnámskeiðið, stafræn skjalavarsla menningararfs: „Aðkoma eldra fólks og nálganir ólíkra kynslóða“ átti sér stað föstudaginn 2. október 2020. Meðal fyrirlesara eru: þátttakendur verkefnisins - Lilah Graham, Norður-Írland; Már Sveinsson, Íslandi; Mary Cronin, Írlandi; og Maria Pahlberg frá Svíþjóð sem starfar við verkefnið. Gestafyrirlesarar Vicki Titterington, „Linking Generations NI“ og Lynsey Gillespie, frá „Making the Future, PRONI“ og Roger O'Sullivan frá Lýðheilsustofnun Írlands átti lokaorðin.



Fjölpjóðlega menningarminjasafnið - Nú komið á vefinn!

Skjalasafnið var sett á laggirnar í september. Stutt myndband sem sýnir hvernig skjalasafnið var búið til og hvernig á að leita í því er nú aðgengilegt. Í skjalasafninu finnur þú myndskreið, ljósmyndir, tónlist, lög og sögur og sem hægt er að leita að eftir svæðum, tungumáli og texta. Þetta er einstakt safn af munum sem teygja sig yfir öll fjögur PLACE-EE þátttökusvæðin og er vel þess virði að heimsækja. <https://place-ee.informatik.umu.se/>



PLACE-EE samstarfsaðilar – Loka hugleiðingar



Á köldum, blautum og vindasömum morgni árið 2017 gengum við til liðs við hóp ókunnugra í Ulster háskólanum á fyrsta fjölpjóðlega fundi félagsmanna PLACE-EE. Engin gat séð fyrir hvernig þetta ætti eftir að þróast á komandi þrem árum. Tengsl styrktust, vinátta mótaðist, ráðist var í mikið af stórskemmtilegum verkefnum og þessi þrjú ár voru liðin á örskotsstundu. Mikið af undirbúningsvinnunni var til að tryggja að þegar við myndum byrja að eiga samskipti við eldra fólk og nemendur á unglingsaldri á kynningarsvæðinu okkar myndi allt ganga greiðlega fyrir sig.

Oft gekk vel. Eins og fyrsta morguninn sem við unnum með Acorn spjaldtölvurnar sem eldri þátttakendum voru gefnar eða kvöldið sem við heimsóttum Desmond College til að afhenda þátttökuverðlaun til tveggja nemenda sem tóku þátt í PLACE-EE verkefninu. En þetta var líka erfitt stundum. Fjármálaumsýslan og öll skjalavinnan sem fylgdi hverju verkefni, tölvupóstar frá Fionu minnti okkur á að nú væri komið að manni að leiða samskiptin á samfélagsmiðlum eða rak á eftir skýrslu fyrir fréttabréfið og allur hamagangurinn við að ná þessu í höfn og láta það hljóma áhugavert.

Í stuttu máli nutum við hverrar mínútu þessara síðustu þriggja ára. Við sáum eldra fólk breytast og eflast. Sjálfsöryggi jókst, hlátur mátti heyra á öllum vinnustofum og viðburðum sem við héldum og virðing nemenda fyrir eldri þátttakendum jókst og þeir sáu veraldarvanari félaga sína í verkefninu í nýju ljósi. Þau lærðu um sögu, stjórnmál, félagslega vitund og þá jákvæðu upplifun að eiga í samskiptum við fólk af annarri kynslóð.

Það var okkur mikil ánægja og forréttindi að fá að starfa með svo mörgu fólki sem mun ætíð skipa sess í hjörtum okkar. Við óskum samstarfsfólki okkar frá ólíkum löndum velfarnaðar um ókomna tíð og allar okkar bestu óskir. Við viljum sérstaklega þakka Gerry og teyminu við Ulster háskóla, fyrir leiðsögnina, forystuna og stuðninginn þessi þrjú ár.

„Við verðum að halda fjarlægð núna en við höfum aldrei verið nánari.“






PLACE-EE verkefninu lýkur með blóma í Fermanagh og Omagh, á hápunkti fræðslu, hláturs, tæknikunnáttu og nýrra vinabanda og tengsla. Í október stóð verkefnið fyrir 13 vefnámskeiðum fyrir eldri borgara í Fermanagh og Omagh (135 staðir). Námskeiðin voru allt frá því hvernig eigi að rækta vetrargrænmeti með Dougal í Colebrook Estate Walled Garden yfir í kynningu á starfi stafræna kvikmyndasafnsins á Norður-Írlandi með henni Ann, ásamt ýmsu öðru svo sem Mandala listaverkum, vatnslitamálan, þæfingu, klippimyndagerð, fyrirlestur um staðarsögu og kynningu á ættfræði og frásagnarlist.

Þátttakendur í listnámskeiðunum fengu pakka sem innihéldu öll nauðsynleg tól og tæki til að ljúka námskeiðinu en þeir sem tóku þátt í námskeiðinu „Ræktið eigin matjurtir“ fengu gefins moltu, fræ og ræktunarbakka.

Að komast á Zoom reyndist mér nokkuð erfitt þar sem ég er ekki með þráðlaust net, ég er bara með gagnamagn í símanum mínum. Fyrsti morgunninn tók langan tíma að koma sér af stað, ég er viss um að Joanne var ánægð þegar við tengdumst, en hún sýndi mér mikla þolinmæði og ég er þakklát henni fyrir að kenna mér á Zoom. Ég hef náð tökum á nýrri kunnáttu og ég mun sakna námskeiðanna minna þar sem þar var að finna frábæran félagsskap. Búnaðurinn sem við fengum var með ólíkindum. Gwen, Lisnaskea

Yfir helmingur þátttakenda fékk einkaþjálfun í Zoom og það var yndislegt að fylgjast með þeim snúa aftur á námskeiðin í hverri viku án utanaðkomandi aðstoðar. Margir hafa haldið áfram og tekið þátt í öðrum námskeiðum á netinu, á vegum annarra samtaka. Nú þegar PLACE-EE lýkur er ánægjulegt að vita að þátttakendur okkar eru síður líklegir til að upplifa einangrun þökk sé nýfenginni tæknikunnáttu og sjálfsöryggi á þessari stafrænu öld okkar.



FJARÐABYGGÐ

Árið 2016 fékk Fjarðabyggð boð um að taka þátt í norðurslóðaverkefni um “smart aging communities”. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti boðið og við urðum þátttakendur í verkefninu sem fékk heitið Place-ee.

Fjarðabyggð er lítið sveitarfélag í samanburði við hina þátttakendurna, (um 5000 íbúar í sjö bæjarkjörnum) og oft horfðum við með aðdáun (og smá öfund) á það sem félagar okkar í Írlandi, Norður Írlandi og Svíþjóð gátu framkvæmt en við höfðum ekki innviði eða burði til að gera. En smæðinni fylgja líka ýmsir kostir sem við gátum sannarlega nýtt okkur.

Eitt af því sem við erum mjög stolt af er að hafa í samstarfi við önnur fagsvið sveitarfélagsins búið til sumarstörf fyrir ungmenni þar sem vinnan felst í skapandi starfi með eldri borgurum í anda Place-ee.

Við tókum undir með Jóhönnu sem er ein þátttakenda okkar í verkefninu, en hún sagði: “Ég myndi segja að þetta hafi gert okkur afskaplega gott og ég held að það gæti hjálpað mörgum fleirum. Það er nauðsynlegt að koma þessu verkefni fyrir víðar en á einum stað“

Þátttakendur okkar, jafnt ungir sem aldnir, nutu samstarfsins eins og sést á myndbandsupptökunum þar sem þau lýsa reynslu sinni af verkefninu. Við fáum enn gæsaþúð þegar við horfum á myndböndin og þau minna okkur á mikilvægi þess að halda PLACE-EE verkefninu í Fjarðabyggð áfram.



**Skellefteå
kommun**

Við hjá Skellefteå Kommún höfum notið þess að taka þátt í PLACE-EE verkefninu. Meðan á verkefninu stóð höfum við séð gildi þess nota aðferðir þar sem unnið er þvert á kynslóðir í þjónustu við aldrað fólk. Eldri borgararnir okkar nutu þess að hitta ungt fólk og það var frábært að sjá samböndin sem mynduðust milli þeirra á vinnustofunum. Við áttum stórkostlegar umræður um sjálfsmynd, stað og sögu sem varðveittar verða í menningarskjalasafninu. Við lærðum um gildi tækninnar og unga fólk okkar var ótrúlega þolinmótt þegar við kenndum eldra fólkinu okkar að nota ný öpp og forrit.

Þátttakendurnir okkar fengu tækifæri til að prófa sýndarveruleika (VR). Það var skemmtileg leið til að leiða hópana tvo saman og frábær leið til að kynna nýja tækni fyrir eldra fólkinu.

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur varpað skugga yfir starfseminu okkar og gert okkur erfiðara að leiða saman fólk af ólíkum kynslóðum. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott því þetta hefur orðið til þess að málefni sem snerta einmanaleika og einangrun hafa komist í samfélagsumræðuna og lögð hefur verið ríkari áhersla á að berjast gegn slíku með tæknilausnum og samstarfi þvert á kynslóðirnar.



Við vonumst tað byggja á þeim árangri sem Place-EE hefur skilað og fela þætti verkefnisins inn í öldrunarþjónustu okkar til framtíðar. Við bjóðum nú upp á sýndarveruleikakerfi á hjúkrunarheimilum sem valkost í meðferð fyrir fólk með heilabilun. Við erum að prófa fleiri spennandi tækninýjungar og erum að skoða hvernig við getum beitt nálgunum ólíkra kynslóða í framtíðinni.

For further information
please contact us via:

Website: <http://place-ee.interreg-npa.eu/>

Facebook: [fb.me/placeeeNPA](https://www.facebook.com/placeeeNPA)

Twitter: [@place_ee](https://twitter.com/place_ee)

Email: place-ee@ulster.ac.uk

PLACE_EE has been funded by



**Northern Periphery and
Arctic Programme**
2014–2020



EUROPEAN UNION

Investing in your future
European Regional Development Fund